

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 90/2025

2025/EES/46/01

frá 8. maí 2025

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framseldar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2867 frá 2. september 2024 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar framsetningu á kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu ⁽¹⁾.
- Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 2867**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2867 frá 2. september 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2867, 11.11.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/2867, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2867, 11.11.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/2867/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.